

83 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útflutningsgjald af salt-
14. apríl. fiskisfarmi. — Með þóknanlegu brjefi 22. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent
hingað beiðni frá H. Th. A. kaupmanni Thomsen, um að honum verði endurgoldin
195 króna 20 auru upphæð, sem hann hefir greitt í útflutningsgjald af saltfisksfarmi,
er sendur var út með skipinu «Ane Kristine», sem afgreitt var frá Íslandi í byrjun
janúar-mán. þ. á., en það er fært til ástæðu fyrir beiðninni, að fiskurinn hafi aflazt fyrir
lok ágústmán. f. á. og sæti því þeirri álögu, að spítalagjald verði greitt af honum, sbr.
lög 4. nóvbr. f. á. §. 9.

Um þetta efni læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, að með því, að það er með fullri heimild
laga 4. nóvbr. f. á. og bráðabirgðarlaga 16. febr. þ. á., að útflutningsgjaldið er inn
heimt, verður endurbörgun sú, sem um er beið, eigi veitt. En því skal við bœtt, að
jeg er yður samdóma um, að eptir bráðabirgðalögum 16. febr. þ. á. verði fiskur sá, sem
hjer um rœðir, undanþeginn spítalagjaldi.

84 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um embættiskostnað setts sýslu-
14. apríl. manns. — Með þóknanlegu brjefi dags. 14. febr. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent
hingað ubónarbrjef frá Sigurði sýslumanni Sverrissyni, þar sem hann fer þess á leit, að
sjer verði úr landssjóði greiddar 100 kr. til endurgjalds á nokkrum hlut af þeim talsverða
kostnaði, er leiddi af manntalsþingaferðum hans um Dalasýslu síðastliðið sumar, en tjeðri
sýslu gegndi hann sem settur sýslumaður á tímabilinu frá 16. júní til 31. ág. f. m.
jafnhliða sínu eigin embætti, og fjeck hann fyrir það starf þóknun þá, er lög dags. 15.
okt. 1875 heimila, þegar svo á stendur.

I tilefni af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbein-
ingar, að ráðgjafann skortir heimild til að greiða hina umræddu upphæð úr landssjóði,
en að hann hinsvegar sje fús á, að reyna til að fá hana veitta með því að taka hana
upp í frumvarp fjárukalaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

85 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um flutningshval — Með
14. apríl. þóknanlegu brjefi 31. desember f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað fyrir-
spurn frá amtmanninum í norður- og austur- umdæminu um það, hvort fyrir landssjóðs
hönd skuli tilkall gjöra til hluts af hval, sem veiddist í síldar-nót í sumar, er leið, við
strönd jarðarinnar Stóru Hámundarstaða, sem landssjóður á, og var drepinn þar með
byssuskotum og síðan róinn upp á lóð tjeðrar jarðar, en síðan var honum deilt milli
þeirra, er verið höfðu með að vinna hann, og ábúanda jarðarinnar; en umboðsmaður
hyggur að ábúandi muni ófús á að láta við landssjóð nokkuð af sínum hlut, nema eftir
dómi.

Út af þessu lætur ráðgjafinn ekki hjá líða að tjá yður þjónustusamlega, herra
landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að bæði
sjálf rjettarspurningin er nokkuð vafasöm, en það, sem um er að gjöra hinsvegar
lítils virði, þá þykir ráðgjafanum ekki ástæða til, að gjöra neina kröfu í þessu efni.

86 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskisýninguna í Edinaborg
19. apríl. — Tryggvi alþingismaður Gunnarsson vakti athygli ráðgjafans á því, að óskilegt væri

að íslenskum manni veittist færi á að koma á alþjóða-fiskisýningu þá, sem nú fer fram í Edinaborg, til þess að kynna sjer þar þá hluti, er að fiskiveiðum lúta og not mættu að verða við fiskiveiðar á Íslandi. Gat hann og þess, að Hjálmar Jónsson, íslenskur kaupmaður, hefði tjáðst fús til að fara til Edinaborgar í þessum tilgangi. Ráðgjafinn hefir því næst veitt honum 150 króna upphæð til ferðakosnaðar af fje því, er veitt er með 16. grein fjárlaganna og fengið honum 250 kr. til umráða, til að kaupa fyrir á sýningunni þá hluti (fiski-öngla, fyrirmyndir o. s. frv.), sem Íslendingum kynni vera þarflegt að kynna.

Eg tjái yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og skora jafnframt þjónustusamlega á yður að annast um, að munir þeir, sem Hjálmar kaupmaður Jónsson kaupir og mun senda yður með pósteimskipinu, sem fer á stað um 5. maí, verði opinberlega sýndir í Íslandi á þeim stöðum, er þjer álfíð henta.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestsetur í Möðruvallaklaustursbrauði. — Með þóknanlegu brjefi frá 18. þ. m. meðtók jeg ummæli stiptsyfirvaldanna um beiðni, er amtmaðurinn yfir norður- og austurumdöminu hafði sent língað frá prestinum að Möðruvallaklaustri sjera Davíð prófasti Guðmundssyni um, að jörðin Syðri-Reistará, sem með ráðgjafabrjefi frá 30. júní 1875 var lögð prestinum í nefndu prestakalli til ábúðar, verði aptur lögð undir Möðruvallaklaustursumboð til byggingar með öðrum jörðum þessa umboðs, og að honum verði leyft að flytja að jörðinni Hofi í sömu sókn, sem liggir á hentugri stað í prestakallinu, einkum þegar tekið sje tillit til laga 27. febr. 1880, er ákveða sameining Glæsibæjarsóknar við Möðruvallasókn, og hefir hann keypt sjer timburhús á tjeðri jörðu.

Fyrir því vil jeg hjer með tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að hið umbeðna leyfi skal veitt með þeim skilyrðum, að jörðin Syðri-Reistará verði af prestinum afhent Möðruvallaklaustursumboði með löglegri skoðunar og úttektargjörð og að presturinn, ef hann óskar að flytja frá jörðinni innan fardaga 1883, ábyrgist umboðssjóði afgjald jarðarinnar fyrir fardagaárið 18⁸²/₈₃.

— Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — Með brjefi 25. þ. m. hafíð þjer, herra biskup, sent mjer erindi frá prófastinum í Dalasýslu og lagt það til, að jeg staðfesti frumvarp það, sem hjeraðsfundurinn þar í prófastsdöminu hafði fallízt á samkvæmt 4. gr. laga um skipun prestakalla 27. febr. 1880, um að leggja tjeða kirkju niður, og sameina Ásgarðs og Hvamms sóknir, en báðar þessar sóknir eiga eptir 1. gr. nr. 71 sömu laga að þjónast af hinum sama presti og Hjarðarholts-sókn í Laxárdal; skyldi sameining Ásgarðs og Hvammskirkjusókna eftir tillögum yðar vera bundin þessum skilyrðum:

1. að sjóður Ásgarðskirkju, skrautgripir hennar og áhöld að undanteknum graftólum þeim, sem nú eru til, og kirkjuhúsinu falli til Hvammskirkju,
2. að eigendur Ásgarðskirkju fái kirkjuhúsið fyrir líkhús, meðan það endist með graftólum þeim, er því nú fylgja, og að Ásgarðskirkjugarður megi notast fyrir grafreit, en legkaup þeirra, er þar eru grafnir, leggist til Hvammskirkju,
3. að eigendur Ásgarðs skuldbindi sig fyrir sjálfa sig og eptirkomandi eigendur til þess að borga presti þeim, er þjónar Hvammskirkju, árlega eptir 8 kirkjukúgildi hinnar núverandi Ásgarðskirkju 80 pnd. smjör.